FERÐAMÁLASTOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD









# EINFÖLDUN STARFSUMHVERFIS OG REGLUVERKS Í FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI

## Tillögur stýrihóps Ferðamálastofu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Maí 2014





# SAMANTEKT

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra fól Ferðamálstofu verkefni í tengslum við einföldun starfsumhverfis í ferðaþjónustunni í anda þeirrar áherslu ríkisstjórnarinnar að vinna að einföldun regluverks í atvinnulífinu. Ferðaþjónustan er afar mikilvæg og ört vaxandi atvinnugrein sem var helsti drifkraftur hagvaxtar árið 2013.

Stýrihópur verkefnisins setur fram eftirfarandi fimm tillögur:

## 1. Ein rafræn gátt

Formleg samskipti ferðaþjónustuaðila við hið opinbera fari fram í gegnum eina vefgátt (e. one stop shop), þ.m.t. leyfisveitingar eða skráningar og gagnaskil.

*Sjá má samanburð yfir leyfisveitingar fyrir og eftir breytingar sem lagðar eru til með einni gátt á bls. 42-45*

## 2. Einföldun regluverks

Lagðar eru til fjölmargar breytingar til einföldunar regluverks og starfsumhverfis ferðaþjónustunnar í þeim anda að draga úr fyrirfram tálmunum (leyfi, vottorð og umsagnir stjórnvalda) við því að starfsemi hefjist. Atvinnulífinu sé í grunninn sýnt traust til að reka sína starfsemi skv. lögum og reglum.

*Sjá má breytingarnar sem lagðar eru til á bls.10-17*

## 3. Aukið öryggi og bætt reglufylgni

Lögbundnar verði öryggiskröfur sem ferðaþjónustuaðilum verði skylt að uppfylla. Unnið verði gegn ólöglegri starfsemi með skilvirkari viðurlögum.

*Sjá má breytingarnar sem lagðar eru til á bls. 18-23*

## 4. Stefnumótun og aðgerðaáætlun

Opinber stefna í ferðaþjónustu verði endurskoðuð og sett fram á skýran, aðgerðabundinn og einfaldan hátt til að samræma áherslur og aðgerðir á landsvísu.

## 5. Aukið hlutverk Vakans

Lagt er til að Vakanum verði falið lykilhlutverk í gæða- og öryggismálum ferðaþjónustunnar og að merki hans verð endurskoðað með alþjóðlega skírskotun í huga.

# EFNISYFIRLIT

Inngangur .......... 4
Það sem haghafar sögðu .......... 6

## Tillögur stýrihóps

1. Ein rafræn gátt .......... 8
2. Einföldun regluverks .......... 10
3. Aukið öryggi og bætt reglufylgni .......... 18
4. Stefnumótun og aðgerðaáætlun .......... 24
5. Aukið hlutverk Vakans .......... 25

Leiðarljós í starfi til einföldunar regluverks .......... 26
Næstu skref .......... 27

## Viðaukar

Helstu niðurstöður frá vinnustofu Iceland Tourism og stýrihóps ferðamálastofu með ferðaþjónustu-aðilum og leyfisveitendum 27. febrúar 2014 .......... 29
Vinnufundur stýrihóps Ferðamálastofu með leyfisveitendum 28. mars 2014 .......... 32
Gestir og þátttakendur/haghafar .......... 35
Helstu niðurstöður frá vinnufundi með markaðsskrifstofum 7. maí 2014 .......... 36
Lærdómur frá völdum viðmiðunarlöndum .......... 39
Leyfis- og skráningaferlar *fyrir* breytingar .......... 42
Leyfis- og skráningaferlar *eftir* breytingar .......... 44
Könnun Ferðamálastofu í apríl .......... 46

**Útgefandi:** Ferðamálastofa
**Hönnun og umbrot:** Jónas Þorbergsson/Fínlína
**Ljósmyndir:** Ragnar Th. Sigurðsson/Ferðamálastofa
**Prentun:** Pixel prentþjónusta

# INNGANGUR

## Mikilvægi ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið gríðarlega sem atvinnugrein á undanförnum árum. Erlendir ferðamenn voru, samkvæmt upplýsingum Ferðamálastofu, yfir 800 þúsund á árinu 2013 og nam fjölgunin 20% frá fyrra ári en búast má við að fjöldinn fari yfir rúmlega eina milljón árið 2015.

Til marks um vöxt ferðaþjónustunnar má benda á að skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands mældist ferðaþjónustan stærst útflutningsgreina á Íslandi árið 2013. Heildarútflutningsverðmæti greinarinnar mældist þá kr. 275 milljarðar eða 26,8% en var 19% árið 2011.

Á árinu 2013 jókst landsframleiðsla (VLF) um 3,3%, sem er mesti hagvöxtur frá árinu 2007, og var hagvöxturinn að mestu drifinn áfram af utanríkisviðskiptum og þar á ferðaþjónustan stærstan hluta. Nú er svo komið að tekjur af erlendum ferðamönnum eru stærsti einstaki liðurinn í öflun gjaldeyristekna, stærri en bæði sjávarútvegur og álframleiðsla, því má segja að ferðaþjónustan hafi verið helsti drifkraftur hagvaxtar árið 2013.

Ferðaþjónustan er einn aðalhvati hins alþjóðlega hagkerfis. Því er mikilvægt að íslensk ferðaþjónusta sé vel í stakk búin til að mæta aukinni samkeppni á næstu árum. Náttúruvernd, uppbygging áfangastaða, sjálfbærni, nýsköpun og vöruþróun eru forsendur þess að áfangastaðurinn Ísland sé samkeppnishæfur í alþjóðlegri samkeppni um hylli ferðamanna. Mikilvægt er að ferðaþjónustunni sé mótaður skýr og einfaldur rammi sem er hvetjandi til vöruþróunar og sóknar í markaðsmálum og geri jafnframt kröfur á þá sem í ferðaþjónustu starfa um gæði, öryggi, fagmennsku og ábyrgð í starfsemi sinni.

## Stýrihópur Ferðamálastofu um einföldun starfsumhverfis í ferðaþjónustu

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar, sem samþykkt var í ríkisstjórn þann 24. maí 2013, er kveðið á um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi. Markmiðið er að minnka skrifræði og einfalda samskipti atvinnulífs við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra fól Ferðamálastofu (FMS), eftir ábendingar þar um, að skoða starfsumhverfi ferðaþjónustunnar með það að markmiði að einfalda og auðvelda umhverfið eins og kostur er, hvort sem það er með endurskoðun á leyfisferlum, skipulagi og verkferlum í kringum þau eða annarri umgjörð um starfsemi ferðaþjónustunnar. Lögð var áhersla á að við vinnuna yrði leitað eftir samstarfi við haghafa og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum um möguleika á einföldun og aukna skilvirkni. Í kjölfarið ákvað Ferðamálastofa að setja á fót stýrihóp verkefnisins og var LC Ráðgjöf ehf. fengin til að leiða verkefnið. Í stýrihópnum voru:

- Ásbjörn Björgvinsson frá Ferðamálasamtökum Íslands.
- Daníel Reynisson frá Samgöngustofu.
- Elías Bj. Gíslason frá Ferðamálastofu.
- Gunnar Valur Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.
- Helena Þ. Karlsdóttir frá Ferðamálastofu.
- Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneytinu.
- Guðfinna S. Bjarnadóttir og Vilhjálmur Kristjánsson frá LC Ráðgjöf.
- Formaður stýrihópsins var Helena Þ. Karlsdóttir.

Verkefni stýrihópsins var að:

- Skoða starfsumhverfi ferðaþjónustunnar og finna leiðir til einföldunar þess með hagsmuni hennar, ferðamanna og almennings að leiðarljósi.
- Hafa samráð við þá sem koma að ferðaþjónustu/haghafa (e. stakeholders) og gefa þeim kost á að koma að ábendingum um möguleika á einföldun og aukna skilvirkni.

## Aðferðafræði og gagnaöflun

### Greining á starfsumhverfi

Til að afmarka verkefnið var starfsumhverfi ferðaþjónustunnar greint. Gerð var úttekt á stöðunni og sérstaklega greint hvað í umhvefinu þætti óþarflega flókið og íþyngjandi, einnig var metið hvort þörf væri á aukinni reglufylgni og þá hvar. Sérstök áhersla var á að skoða hvaða atriði það væru sem yllu mestum pirringi haghafa. Einnig var lögð áhersla á að skoða skipulag leyfismála og hvort öll leyfi væru nauðsynleg.

### Greining á regluverki

Regluverk ferðaþjónustunnar var greint, sérstaklega það sem tengist ferðaþjónustunni beint. Greint var hvaða kvaðir eru lagðar á ferðaþjónustaðila, hverjar þeirra eru mest íþyngjandi og tækifæri til einföldunar voru metin. Einnig var reynt að kostnaðarmeta hinar lögbundnu kvaðir eftir því hvort um mikinn, meðal eða óverulegan kostnað var að ræða. Stýrihópurinn ákvað að leggja í vinnu við að meta heildstætt beinan og óbeinan kostnað fyrirtækja og stofnana við leyfisveitingar. Sú vinna reyndist umfangsmeiri og flóknari en ætlað var og því liggur ekki fyrir niðurstaða. Vinnu við matið verður haldið áfram á vegum Ferðamálastofu og niðurstöður kynnar síðar. Ætlunin er að kostnaðarmatið verði endurtekið eftir ca. tvö til þrjú ár til viðmiðunar.



## Hlustun á haghafa

Stýrihópurinn lagði áherslu á að hlusta á og fá ábendingar frá haghöfum.

Haldin var vinnustofa í febrúar 2014 í samstarfi við „Iceland Tourism, klasasamstarf", með þátttöku fjölmargra ferðaþjónustuaðila og leyfisveitenda. Tilgangur vinnustofunnar var að fá fulltrúa ólíkra haghafa sem sinna leyfismálum og eftirliti ásamt ferðaþjónustuaðilum til að ræða saman og setja fram hugmyndir um það hvernig megi einfalda starfumhverfið og regluverkið í íslenskri ferðaþjónustu.

*Nánari upplýsingar um niðurstöður vinnustofunnar má sjá í viðauka á bls. 29*

Í mars var haldin vinnustofa með þeim opinberu aðilum sem koma að leyfisveitingum í ferðaþjónustu, þ.e. leyfisveitendum, umsagnar- og úttektaraðilum, útgefendum hinna ýmsu vottorða/staðfestinga, skráningaraðila, o.fl. Tilgangur fundarins var að fara sameiginlega yfir helstu leyfi í ferðaþjónustu, skilgreina nauðsyn þeirra og greina hvernig gera megi leyfisveitingaferli ferðaþjónustunnar einfaldara og skilvirkara.

*Nánari upplýsingar um niðurstöður vinnustofunnar má sjá í viðauka á bls. 32*

Stýrihópurinn hélt fjölmarga fundi um sértækari atriði. Fundað var m.a. með fulltrúum frá eftirtöldum aðilum:

- Iceland Tourism, klasasamstarf
- Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Sýslumanninum á Akranesi
- Slysavarnafélaginu Landsbjörgu
- Hagstofunni
- Þjóðskrá
- Ríkisskattstjóra
- Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur
- Markaðsstofum landshlutanna

Könnunin var gerð í apríl meðal ferðaþjónustufyrirtækja. Tilgangurinn var að gefa þeim kost á að koma á framfæri ábendingum til einföldunar starfsumhverfis ferðaþjónustunnar og aukinnar skilvirkni. Spurningarnar lutu annars vegar að því hvað pirraði ferðaþjónustuaðila í starfsumhverfinu, þ.e. hvað væri flókið, íþyngjandi óskynsamlegt, óréttlátt, o.s.frv. og hins vegar að því hvað væri til ráða til að einfalda regluverk og starfsumhverfi ferðaþjónustunnar.

*Nánari upplýsingar um könnunina og niðurstöður má sjá í viðauka á bls. 46*

## Lærdómur frá viðmiðunarlöndum

Stýrihópurinn ákvað að velja viðmiðunarlönd til að skoða bestu leiðir erlendis í tengslum við einföldun regluverks. Þegar kom að vali á viðmiðunarlöndum m.t.t. einföldunar regluverks og leyfisveitinga í ferðaþjónustu var horft til þeirra þjóða sem voru í toppsætunum í ferðaþjónustu í heiminum skv. *Travel and tourism competitiveness Report 2013 (World Economic Forum)* og eru jafnframt framarlega í stjórnsýsluumbótum. Sviss, Kanada, Bretland, Nýja-Sjáland og Ástralía eru þjóðir sem allar eru framarlega í ferðaþjónustu og til fyrirmyndar þegar kemur að einföldun regluverks með það að markmiði að gera starfsumhverfi ferðaþjónustu (og atvinnulífs) einfaldara, aðgengilegra og skilvirkara.

*Nánari upplýsingar um lærdóm frá viðmiðunarlöndum má sjá í viðauka á bls. 39*

# ÞAÐ SEM HAGHAFAR SÖGÐU

**Í vinnustofum, á fundum og í könnun stýrihópsins kom fram fjöldi ábendinga, enda voru spurningar opnar og kallað var eftir hugmyndum, ekki síst um það sem pirrar eða er óþarflega íþyngjandi í starfsumhverfinu.**

Eftirfarandi samantekt gefur góða innsýn í helstu ábendingar haghafa:

- Haghafar í ferðaþjónustu leggja áherslu á einfalda og skilvirka stjórnsýslu, að hægt sé að sækja um öll leyfi á einum stað, aukið öryggi, aukið eftirlit með leyfislausum aðilum og skilvirkari viðurlög.
- Þeir telja stjórnsýsluna of flókna, of margar stofnanir koma að leyfisveitingum, of mörg vottorð þarf að sækja á marga staði og oft þarf að leggja fram sömu vottorðin á mismunandi stöðum.
- Þeir telja að lítil samvinna og samræmi sé á milli stofnana og að upplýsingar séu of dreifðar og ósamræmdar.
- Þeir telja að eftirliti sé ábótavant, að of mikil ólögleg starfsemi sé í greininni, að eftirlit beinist fyrst og fremst að þeim sem leitast við að hafa allt sitt á hreinu og viðurlög séu veik og óskilvirk.

Tillögur stýrihópsins um einföldun regluverks taka mið af áherslum og skoðunum haghafa.

*Nánari upplýsingar um ábendingar haghafa er að finna í viðaukum.*


BRUNAVARNIR
ÁRNESSÝSLU

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 1. EIN RAFRÆN GÁTT

## Viðamesta tillaga stýrihópsins felst í einni rafrænni gátt. Þannig verður mikil einföldun á viðmóti gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum í ferðaþjónustu.

Tillagan tekur mið af því að hægt verði að stofna fyrirtæki eða tilkynna einstaklingsrekstur á eigin kennitölu, sækja um leyfi og skrá starfsemi á einum stað. Margháttaðar kvaðir um vottorð, leyfi, úttektir o.fl. hafa verið settar á ferðaþjónustuna og segja má að við höfum ekki búið við stýrða og úthugsaða þróun starfsumhverfis. Þetta upplifa ferðaþjónustuaðilar á eigin skinni og benda á flækjustig og tvíverknað í samskiptum við hið opinbera. Tillagan felur meðal annars í sér að:

- Umsækjandi veiti samþykki fyrir því að nauðsynleg fylgigögn séu sótt rafrænt enda séu þau fyrirliggjandi í opinbera kerfinu.
- Útgáfa leyfa eða skráning starfsemi af hálfu viðkomandi stjórnvalds fari jafnframt fram í gegnum gáttina.
- Samhæfa starfsemi stofnana.
  - Tæknin gefur okkur færi á að einfalda starfsumhverfið til muna. Stofnanir nýta vissulega tækni en kallað er á samhæfða og þróaða útfærslu sem miðar við heildarhugsun og notendavæna þjónustu við atvinnugreinina. Tæknivinnan knýr okkur til að fara í gegnum starfsumhverfi stofnana og einfalda.
- Hönnun rafrænnar gáttar byggi á fyrirliggjandi þekkingu hér heima og frá öðrum þjóðum. Rafræna gáttin er í samræmi við alþjóðlega þróun sem miðar að einföldun starfsumhverfis. Dæmi:
  - Business.Govt.nz, (Nýja-Sjáland) gov.uk (Bretland), BiZpal (Kanada), Australian Business Account ABA (Ástralía), o.fl.
  - Island.is
  - Skattskil á Íslandi. Ríkisskattstjóri vinnur einnig að rafrænni lausn fyrir fyrirtækjaskrá.

## Tillögur um einföldun starfsumhverfis í ferðaþjónustu

### Ein gátt – ONE-STOP-SHOP

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta | |
|---|---|---|---|---|
| Ein rafræn gátt fyrir leyfi, vottorð, o.fl. | Lög um skipan ferðamála | | Einfalda starfsumhverfi | |

### Lög um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta | |
|---|---|---|---|---|
| Skráning reksturs á eigin kennitölu hjá RSK | Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð | Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda. | Breyta | |



| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Ein rafræn gátt (e. one-stop-shop)<br>Allt á einum stað. Leyfisumsóknir, skráning á starfsemi, fylgiskjöl og umsagnarbeiðnir, fyrirtækjaskráning og tilkynning einstaklingsrekstrar, verði á rafrænu formi.<br>Umsækjandi veitir samþykki fyrir því að nauðsynleg fylgigögn séu sótt rafrænt enda séu þau fyrirliggjandi í opinbera kerfinu. Útgáfa leyfa eða skráning starfsemi af hálfu viðkomandi stjórnvalds fer jafnframt fram í gegnum gáttina. | Algengasta ábending haghafa í ferðaþjónustu snerist um þörfina fyrir aukna skilvirkni í starfsumhverfinu og samkiptum við hið opinbera einkum í tengslum við fylgiskjöl, leyfi og umsagnir. Með einni rafrænni gátt verður til mikil einföldun á viðmóti gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum í greininni.<br>Viðmiðunarlöndin eru komin mun lengra í rafrænni þjónustu við atvinnulífið. Dæmin eru gov.uk í Bretlandi, BizPaL í Kanada og Business.Govt.NZ á Nýja Sjálandi. Allar þessar rafrænu gáttir eiga það sameiginlegt að einfalda atvinnulífinu samskipti við hið opinbera – öll leyfi/vottorð/ beiðnir um úttektir á einum stað.<br>Þessa rafrænu vinnu þarf að undirbúa vel og samræma þarf aðgerðir stofnana.<br>Síðar verður gáttin væntanlega útfærð fyrir aðra atvinnuvegi. | |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Einstaklingur með rekstur á eigin kennitölu skrái sig hjá RSK. | Tengist tillögunni um eina rafræna gátt. Allar leyfisumsóknir og skráningar starfsemi fari í gegnum rafrænu gáttina.<br>Þess vegna verða allir að skrá eða tilkynna starfsemi sína til RSK til að geta sótt um leyfi eða skráningu hjá viðkomandi stofnun. Á það einnig við um einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 2. EINFÖLDUN REGLUVERKS

**Það verði leiðarljós í reglum á þessu sviði að atvinnulífinu sé sýnt traust til að reka sína starfsemi skv. lögum og reglum, þar til annað kemur í ljós.**

Meðal áhersluþátta tillögunnar eru eftirfarandi atriði.

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald verði skipt í tvennt, annars vegar lög um gististaði og hins vegar lög um veitingastaði og skemmtanahald.
- Málefni gististaða verði færð til Ferðamálastofu en málefni veitingastaða og skemmtanahalds verði áfram hjá lögreglustjórum/sýslumönnum.
- Veitingastaðir án áfengis verði skráningarskyldir en veitingastaðir með áfengi verði áfram leyfisskyldir.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefnda verði felld niður og þau sameinuð umsögnum sömu aðila og umsagnir sveitarstjórna og byggingarfulltrúa verða sameinaðar í eina umsögn. Skylt verður áfram að leita umsagnanna.
- Umsagnir Vinnueftirlits og lögreglu verði ekki lengur gerðar að skilyrði fyrir leyfisveitingu og skráningu.
- Skilgreiningu heimagistingar verði breytt og hún skilgreind sem gisting í íbúðarhúsnæði leigusala fyrir allt að sex ferðamenn. Hver leigusali (þ.m.t. hjón og sambýlisfólk) í þessum flokki hafi ekki heimild til að reka fleiri en tvær gistieiningar enda hafi hann fasta búsetu á öðrum staðnum. Samþykki allra eigenda í fjöleignarhúsum (a.m.k. í sama stigagangi) verði áskilið. Fari ársvelta starfseminnar yfir tiltekin mörk (t.d. 2-3 mkr) þá teljist starfsemin ekki lengur heimagisting. Gistiflokkurinn verður einungis tilkynningarskyldur en ekki leyfisskyldur. Ekki er gerð krafa um næturvörslu.
- Heimagisting samkvæmt núgildandi lögum sem ætluð er fyrir sjö til sextán manns og leigð eru fjögur til átta herbergi flyst í nýjan flokk sem ber heitið *Gistiheimili án móttöku*. Núverandi hugtak gistiheimilis breytist og verður *Gisitheimili með móttöku*.

## Tillögur um einföldun starfsumhverfis í ferðaþjónustu

### Lög um skipan ferðamála nr. 73/2005

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta | |
|---|---|---|---|---|
| Ferðaskrifstofur<br>Skráningarskylda í stað leyfisskyldu | Lög um skipan ferðamála | Ferðaskrifstofur þurfa leyfi frá Ferðamálastofu | Breyta og einfalda | |
| Ferðaskipuleggjendur<br>Dagsferðir | Lög um skipan ferðamála | Ferðaskipuleggjendur þurfa leyfi frá Ferðamálastofu | Fella brott kvaðir um leyfi | |
| Ferðasalar eða retailers gerðir tryggingarskyldir | Lög um skipan ferðamála | Starfsemi bókunarþjónustu | Breyta | |

- Þar sem það er unnt komi skráningarskylda í stað opinbers leyfis og leyfi og skráning verði að meginstefnu til ótímabundin. Þetta á við um starfsemi ferðaskrifstofa, veitinga- og gististaða og ökutækjaleiga. Bent er á að stjórnvöld þurfa að huga að tekjustofnum þeirra stofnana sem verða af tekjum við að fella niður leyfi eða þegar skráningar eða leyfi eru gerð ótímabundin, t.d. í formi árlegs eftirlitsgjalds. Þegar leyfi og skráningar verða ótímabundnar þarf þó væntanlega að huga að því hvort fram eigi að koma fyrirvari um að þetta kunni að breytast síðar verði lögum og reglum breytt.
- Ferðaskipuleggjendaleyfin verði felld brott og skýrari skil verði á milli þeirra sem bjóða dagsferðir og þeirra sem skipuleggja og/eða selja alferðir
- Ekki verði lengur áskilið að ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi hafi starfsstöð opna almenningi. Tekin verði í notkun tryggingarnúmer, sem ferðaskrifstofum verður skylt að birta á heimasíðu, í stað auðkenna Ferðamálastofu. Ferðaskrifstofum verður heimilt að nota auðkenni Ferðamálastofu í stað skyldu áður.
- Að komið verði á ábyrgðarsjóði í stað núverandi tryggingarkerfis ferðaskrifstofa.
- Komið verði á fót (tímabundnum) ábendingavef þar sem ferðaþjónustuaðilar og aðrir geti komið á framfæri ábendingum um einföldun og bætta stjórnsýslu (e. red-tape-challenge).
- Ábendingar stýrihóps verði birtar opinberlega, mögulega kallað eftir fleiri ábendingum og stjórnvöld standi skil á eftirfylgni. Lagt er til að aðgerðir verði í anda red-tape-challenge (Bretland) og verði tímabundnar.



| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Skráningarskylda verði tekin upp í stað leyfisveitinga. Einstaklingar og lögaðilar sem skipuleggja, bjóða fram og/eða selja alferðir í atvinnuskyni til almennings, að eigin frumkvæði eða að beiðni viðskiptavinar, skulu skráðir sérstakri skráningu hjá Ferðamálastofu. | Tekið er upp skráningarfyrirkomulag, sem er sama fyrirkomulag og er á Norðurlöndunum. Ferðaskrifstofur verða því skráningarskyldar en ekki leyfisskyldar.<br>Óheppilegt er að ólíkt fyrirkomulag gildi á Íslandi í ljósi aukins fjölda ferðaþjónustufyrirtækja sem bjóða þjónustu sína hérlendis sem erlendis og aukinna rafrænna viðskipta o.s.frv.<br>Því þykir rétt að sama fyrirkomulag gildi hér á landi. | |
| Heimilt verði að skipuleggja, bjóða fram og selja í atvinnuskyni, að eigin frumkvæði eða að beiðni viðskiptavinar, dagsferðir, sem fela í sér ýmis konar afþreyingu og frístundaiðju, fyrir almenning sem vara skemur en 24 klst. og fela ekki í sér gistingu, án leyfis eða sérstakrar skráningar hjá Ferðamálastofu.<br>Áfram þarf, eftir atvikum, leyfi eða skráningu starfsemi hjá viðkomandi stjórnvaldi t.d. vegna ferða með farartækjum sem eru leyfis- eða skráningarskyld.<br>Taka þarf upp nýtt heiti yfir slíkar ferðir og er lagt til að fundið verði nýtt hugtak þegar lögin um skipan ferðamála verða endurskoðuð. Ensku heitin „Activity Provider“ eða „Day Tour Provider“ gætu verið lýsandi fyrir þessa ferðaþjónustuaðila. | Breytingin er til samræmis við fyrirkomulag skipulagningar, framboðs og sölu dagsferða á Norðurlöndunum. Slíkir aðilar þurfa ekki að skrá sig sérstakri skráningu hjá yfirvöldum. Getur því hver sem er boðið upp á slíkar ferðir án íhlutunar yfirvalda. Rétt þykir að taka upp sama fyrirkomulag hér á landi. Þó er mikilvægt að þessir aðilar uppfylli ákv. öryggis- og tryggingarkröfur sem lagt er til að verði lögbundnar (sjá síðar í tillögu um öryggi og bætta reglufylgni).<br>Með breyttu fyrirkomulagi er verið að fækka skráningum (leyfum) í ferðaþjónustu.<br>Líklegt er að fjölmargir núverandi ferðaskipuleggjendur þurfi að skrá sig sem ferðaskrifstofur og leggja fram ábyrgðir vegna skipulagningar alferða.<br>Mikilvægt er að 24 klst. skilyrðið verði skýrt og vel skilgreint. | |
| Starfsemi ferðasala verði með sömu kvöðum og ferðaskrifstofu varðandi framlagningu tryggingar skv. 14. gr. núgildandi laga. | Tillaga í samræmi við núgildandi Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka um pakkaferðir og fært til sama horfs og þekkist í nágrannalöndum. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 2. EINFÖLDUN REGLUVERKS

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Ferðaskrifstofa.<br>Hugtakanotkun verði í samræmi við erlend hugtök | Lög um skipan ferðamála | Hugtakið ferðaskrifstofa | Breyta |
| Bókunarþjónusta.<br>Hugtakanotkun verði í samræmi við erlend hugtök | Lög um skipan ferðamála | Hugtakið<br>Bókunarþjónusta merkir starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta. | Breyta |
| Ferðasalar eða retailers gerðir tryggingarskyldir | Lög um skipan ferðamála | Starfsemi bókunarþjónustu. | Breyta |
| Breyting á starfsemi upplýsingamiðstöðva | Lög um skipan ferðamála | Upplýsingamiðstöð er aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu né auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi. | Endurskoða |
| Ferðafélög gerð skráningarskyld vegna sölu alferða | Lög um skipan ferðamála | Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin leyfisskyldu sem lúta að ferðum innan lands. | Fella brott |
| Tryggingarnúmer fyrir ferðaskrifstofur tekin upp og skylda til birtingar auðkennis Ferðamálastofu felld brott | Lög um skipan ferðamála | Leyfishafi skal nota auðkenni Ferðamálastofu í hvers kyns auglýsingum sem og á heimasíðu sinni en getur sótt um undanþágu. | Breyta |
| Út með hugtakið starfsstöð | Lög um skipan ferðamála | Starfsemi leyfishafa skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef um rafræna þjónustu er að ræða. | Fella brott |
| Tryggingarsjóður vegna alferða | Lög um skipan ferðamála | Sala alferða er tryggingarskyld og ber ferðaskrifstofum að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt og til heimflutnings hvort sem ferð er innanlands eða erlendis komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar. | Breyta – er í vinnslu |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Í stað enska hugtaksins „Travel Agency“ fyrir ferðaskrifstofur komi enska hugtakið „Tour Organizer“. | Breytingin er til samræmis við hugtakanotkun á Norðurlöndunum og Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka. Hugtakið „Tour Organizer“ er notað yfir þá aðila sem skipuleggja, bjóða fram og selja alferðir. Hér á landi er notað hugtakið „Travel Agency“ en það hugtak svipar til hugtaksins „Retailer“ eða „smásala“ erlendis. Þessi mismunandi hugtakanotkun getur auðveldlega valdið misskilningi og því er lagt til að tekið verði upp hugtakið „Tour Organizer“ á ensku en að haldið verði áfram í íslenska heitið „Ferðaskrifstofa“ vegna þeirrar hefðar sem komin er á notkun hugtaksins. | |
| Í stað hugtaksins „Bókunarþjónusta eða Booking office“ komi hugtakið „Ferðasali eða Retailer“. | Starfsemi bókunarþjónustufyrirtækja hefur breyst undanfarin ár og eru þau í auknu mæli farin að selja ferðir í endursölu í eigin nafni og taka því við beinum greiðslum frá viðskiptavinum. Slík starfsemi samsvarar hugtakinu „Retailer“ skv. Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.<br>Því er eðlilegt að hugtakaskilgreiningunni verði breytt þannig að íslenska heitið verði „Ferðasali“ og enska hugtakið verði „Retailer“. | |
| Starfsemi ferðasala verði með sömu kvöðum og ferðaskrifstofu varðandi framlagningu tryggingar skv. 14. gr. núgildandi laga vegna samsetningar og sölu ferða sem teljast geta til alferða þegar sala þeirra á sér stað beint til viðskiptavina. | Tillagan er í samræmi við Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka vegna sölu alferða. Fyrirkomulagið er fært til sama horfs og þekkist í nágrannalöndum. | |
| Lagt er til að hutakið „Upplýsingamiðstöð“ verði endurskoðað m.t.t. hlutverks, tilgangs og tekjumöguleika. | Að upplýsingamiðstöðvar geti haft með höndum aðra starfsemi samhliða upplýsingagjöfinni, s.s. sölu á ýmsum vörum. Þetta getur átt við sérstaklega á landsbyggðinni þar sem atvinnutækifæri eru færri. Margir á landsbyggðinni eru með blandaðan rekstur og starfsemi upplýsingamiðstöðva getur verið góð viðbót við annars fjölbreytt framboð á ýmis konar þjónustu t.d. við ferðamenn. | |
| | Sanngirnisrök mæla á móti því að íslensk ferðafélög séu undanþegin skráningarskyldu og skekki þar með samkeppni á ferðaþjónustumarkaði en íslensk ferðafélög eru að bjóða alferðir til sölu til almennings. Eðlilegt er að íslensk ferðafélög lúti sömu reglum og aðrar ferðaskrifstofur hvað varðar skráningu og framlagningu ábyrgða vegna sölu alferða. | |
| Í stað þess að skylt verði að birta auðkenni Ferðamálastofu verði tekin upp tryggingarnúmer sem ferðaskrifstofum verði skylt að birta á heimasíðu sinni.<br>Ferðaskrifstofum verður heimilt að nota auðkenni Ferðamálastofu til birtingar í auglýsingum sínum í stað skyldu eins og nú er. | Breytingin er til samræmis við þróun erlendis, t.d. Danmörku. Trygginganúmer gefur til kynna að ferðaþjónustuaðili sé skráður og hafi lagt fram ábyrgðir vegna alferða skv. Tilskipun 90/314/EBE um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðarpakka.<br>Ferðaskrifstofur eiga að hafa val um það hvort þær vilja nota auðkennið í stað þess að yfirvöl skyldi þær til þess. | |
| Afnema óþarfa kvöð um starfsstöð. | Fyrirtækjunum verði í sjálfsvald sett hvar og hvernig þau bjóða upp á þjónustu sína en vægi rafrænnar þjónustu hefur aukist mikið undanfarin ár. Hið opinbera á ekki að hlutast til um hvernig þjónusta er veitt. | |
| Í stað núverandi tryggingarkerfis komi ábyrgðarsjóður sem samanstendur af sjóði sem fjármagnaður er af ferðaskrifstofum og framlögðum sérstökum ábyrgðum sem þær leggja fram. | Haghafar hafa bent á að forsendur til grundvallar útreiknings á ábyrgðum séu úreltar.<br>Verið er að skoða þetta mál sérstaklega og von er á tillögum síðar á árinu 2014 þar sem horft er til danskrar fyrirmyndar. Noregur hefur tekið upp sama fyrirkomulag og eru Finnar og Svíar sömuleiðis að horfa til þess að taka upp sama fyrirkomulag. | |

## Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007
## Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 585/2007

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skipt upp í tvenn lög. | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Málefni gististaða heyrir undir sýslumenn og lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu. | Breyta |
| Veitingastaðir án áfengis | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda. | Breyta |
| Veitingastaðir með áfengi | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda. | Viðhalda |
| Starfsleyfi felld brott | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Útgáfa rekstrarleyfis samkvæmt lögum þessum er háð starfsleyfi, sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. | Fella brott |
| Fækkun umsagna | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Leyfisveitandi skal leita umsagna sveitarstjórna, heilbrigðisnefnda, slökkviliðs, vinnueftirlits, byggingarfulltrúa og lögreglu. Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver umsagnaraðila leggst gegn útgáfu leyfis. | Breyta |
| Tímafrestur umsagna styttur | Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Umsagnir skulu að jafnaði veittar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. | Breyta |
| Ótímabundin leyfi og skráningar í stað tímabundinna leyfa* | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Rekstrarleyfi eru tímabundin til fjögurra ára í senn. | Breyta |

| | Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|---|
| | Málefni gististaða flytjist yfir til Ferðamálastofu sem sér um leyfisveitingar og eftirlit.<br>Málefni veitingastaða og skemmtanahalds verða áfram hjá lögreglustjórum sem sjá um skráningu, leyfisveitingar og eftirlit. Huga þarf að verkaskiptingu sýslumanna og lögreglustjóra skv. ný samþykktum lögum m.a. um aðskilnað embætta sýslumanna og lögreglustjóra. | Lögunum verði skipt upp í annars vegar lög um gististaði og hins vegar lög um veitingastaði og skemmtanahald.<br>Með flutningi málefna gististaða á einn stað er verið að einfalda allt leyfisferli og samræma vinnubrögð eins og haghafar hafa kallað eftir. Einnig fæst betri yfirsýn yfir málaflokkinn og handhafa gistileyfa. Leyfisveitingar verða því háðar samþykki Ferðamálstofu að fengnum umsögnum hlutaðeigandi stjórnvalda. Haghafar hafa bent á að pirrandi sé að túlkun og framkvæmd varðandi veitingu gististaðaleyfa sé mismunandi eftir leyfishöfum og að mismunandi er hvort núverandi leyfishafar sendi Ferðamálastofu upplýsingar um útgefin leyfi til birtingar í gagnagrunni stofnunarinnar, www.visiticeland.com.<br>Eðlilegt er að málefni veitingastaða og skemmtanahalds verði áfram hjá lögreglustjórum þar sem þeir hafa nú þegar beina aðkomu og virka eftirlitsskyldu með slíkri starfsemi. | |
| | Skráningarskylda vegna reksturs veitingastaða án áfengis verði tekin upp í stað leyfisskyldu. | Verið er að auðvelda rekstrarumhverfi veitingastaða og þeirra sem koma nýir inn í greinina. í skráningarskyldu felst að einnig þarf að tilkynna húsnæði veitingastaðar til sérstakrar skráningar og samþykktar hjá viðeigandi yfirvöldum. Eftirlit þeirra fer eftir því sem lög og reglur kveða á um. | |
| | Veitingastaðir með áfengi verða áfram leyfisskyldir. | Veitingastaðir sem selja áfengi, selja vöru sem heyrir undir eftirlit og viðurlög sem snúa að áfengislöggjöfinni. | |
| | Umsagnir og starfsleyfi heilbrigðisnefnda sameinuð. Starfsleyfi fyrir gististaði og veitingastaði verða því felld brott og umsögn þeirra látin gilda enda uppfylli skráning lagaskilyrði. | Einföldunin felst í því að fella niður starfsleyfið og sameina það umsögn sömu nefndar. Samkvæmt núgildandi lögum þarf starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd og einnig er skylt að leita umsagnar sömu nefndar um rekstrarleyfi. Ekki er verið að slá í neinu af þeim kröfum sem nú þegar eru gerðar. | |
| | Leyfisveitandi skal leita umsagna sveitarstjórnar, heilbrigðinefnda og slökkviliðs. Óheimilt verður að gefa út leyfi ef einhver þessara aðila leggst gegn útgáfu leyfis.<br>Umsagnir Vinnueftirlits, vegna aðstæðna á vinnustað, og lögreglu, m.a. vegna dyravörslu og sérstakrar löggæslu verða ekki lengur gerðar að skilyrði fyrir leyfisveitingum og skráningum. | Verið er að fækka umsögnum og einfalda leyfis- og skráningarferli. Umsagnir sveitarstjórnar og byggingarfulltrúa eru sameinaðar í eina umsögn.<br>Eftir sem áður hafi Vinnueftirlitið og lögreglan eftirlitshlutverki að gegna en umsagnir þeirra verði ekki lengur skilyrði fyrir útgáfu leyfa og skráninga. | |
| | Að frestur til að veita bindandi umsagnir verði styttur í 30 daga. | Þar sem lagt er til að umsögnum verði fækkað er fresturinn til að veita umsagnir styttur. Hjá sveitarstjórnum eiga þær upplýsingar að liggja fyrir sem nauðsynlegar eru. 30 daga frestur fyrir heilbrigðisnefndir og slökkvilið ætti að teljast hæflilegur tími til úttektar og umsagnar. Áfram gildi að berist umsagnir ekki innan tilskilins frests verði heimilt að gefa út leyfi og staðfesta skráningar. | |
| | Leyfi gististaða og skráningar og leyfi veitingastaða verði ótímabundin. | Í upphafi fari fram lögbundin úttekt og áhættumat gert. Síðan taki við kefisbundið eftirlit skv. áhættumatinu og ef staður uppfyllir ekki viðmið áhættumatsins fari af stað úrbótaferli. Verði ekki staðið við það taka við viðurlög. | |

# 2. EINFÖLDUN REGLUVERKS

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Breytt skilgreining á „Heimagisting". | Lög og reglugerð um veitingastaði, gististaði og vskemmtanahald. | Heimagisting er: „Gisting á heimili leigusala". | Breyta |
| Til verði nýr gistiflokkur, „gistiheimili án móttöku".<br>Núverandi hugtak gistiheimilis verður „gistiheimili með móttöku". | Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. | Heimagisting er: „Gisting á heimili leigusala". | Bæta við |

## Frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja (var lagt fram á 143. löggjafarþingi)

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Leyfi verði gerð ótímabundin.* | Frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja. | Starfsleyfi skal veitt til fimm ára í senn. | Breyta |
| Núverandi leyfishafar þurfi aðeins að tilkynna áframhaldandi starfsemi við gildistöku nýrra laga. | Frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja. | Lögin komi til framkvæmda að liðnum þremur mánuðum frá samþykki þeirra. Á þeim tíma er gert ráð fyrir að þeir aðilar sem nú hafa starfsleyfi sæki um leyfi á grundvelli nýju laganna. | Breyta |

** Stjórnvöld þurfa að huga að tekjustofnum þeirra stofnana sem verða af tekjum við að fella niður leyfi og gera leyfi og skráningar ótímabundnar.*

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Skilgreiningu heimagistingar verði breytt og hún skilgreind sem gisting í íbúðarhúsnæði leigusala fyrr allt að sex ferðamenn. Hver leigusali (þ.m.t. hjón og sambýlisfólk) í þessum flokki hafi ekki heimild til að reka fleiri en tvær gistieiningar enda hafi hann fasta búsetu á öðrum staðnum. Fari ársvelta starfseminnar yfir tiltekin mörk (t.d. 2-3 mkr) þá teljist starfsemin ekki lengur heimagisting.<br>Gistiflokkurinn verður einungis tilkynningarskyldur en ekki leyfisskyldur. Ekki er gerð krafa um næturvörslu.<br>Samþykki allra eigenda í fjöleignarhúsum (a.m.k. í sama stigagangi) verði áskilið. | Verið er að rýmka möguleika fólks til útleigu húsnæðis til ferðamanna.<br>Til þess að mæta þróun á markaði og hvetja til þess að einstaklingar sem leigja út herbergi eða íbúðir geri það með lögmætum hætti og tekjur séu gefnar upp til skatts verði regluverk betur sniðið að slíkri starfsemi.<br>Í Svíþjóð er gisting fyrir 5 herbergi og allt að 9 gesti undanþegin íhlutun yfirvalda.<br>Eðlilegt er að leigusali heimagistingar í fjöleignarhúsi fái samþykki annarra íbúa/eigenda þar sem talsvert ónæði getur fylgt útleigu húsnæðis í stuttan tíma í senn. | |
| Heimagisting samkvæmt núgildandi lögum, sem ætluð er fyrir sjö til sextán manns og leigð eru fjögur til átta herbergi flyst í nýjan flokk sem ber heitið „Gistiheimili án móttöku". Núverandi hugtak gistiheimilis breytist og verður „Gisitheimili með móttöku". | Lagður er til ný flokkur gistingar þar sem það yrði íþyngjandi fyrir þá sem nú þegar eru með leyfi fyrir heimagistingu að flytjast upp í flokk gistiheimila eða aðlaga sig að nýrri skilgreiningu heimagistingar. Þeir yrðu annað hvort að fækka herbergjum og rúmum eða að flytjast upp í flokk gistiheimila með tilheyrandi breytingum. | |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Leyfi verði gerð ótímabundin án þess þó að slegið verði af gæða-, öryggis- og eftirlitskröfum.<br>Hafi engin starfsemi verið í þrjú ár er lagt til að leyfi falli niður. | Ekki er eðlilegt að tímabinda leyfi til að afla tekna hjá stjórnsýslustofnunum. Tekjustofnar verða að byggjast á eðlilegum rökum. Þessi breyting er einnig gerð til að nálgast umhverfi leyfismála í þessari grein í nágrannalöndunum.<br>Lagt er til að leyfði falli niður hafi engin starfsemi verið í þrjú ár. Eðlilegt er að sá sem hættir starfsemi um lengri tíma og hyggst starfa á ný sæki um leyfi að nýju enda gætu aðstæður hafa breyst verulega.<br>Í Svíþjóð eru bílaleiguleyfin ótímabundin. | |
| Núverandi starfsleyfishafar þurfi einungis að staðfesta starfsemi sína við gildistöku nýrra laga. Þeir sæki síðan um ótímabundið leyfi þegar eldra leyfi rennur út. | Núverandi bílaleigum er gefið lítið svigrúm til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Verið er að draga úr skriffinnsku við gildistöku nýrra laga og skapa hagræði fyrir bæði umsækjendur og Samgöngustofu en mikill tími og fyrirhöfn fer í umsóknarferlið af beggja hálfu. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 3. AUKIÐ ÖRYGGI OG BÆTT REGLUFYLGNI

**Þegar haghafar voru spurðir um „hvað pirrar" þá bentu þeir fyrst og fremst á nauðsyn einföldunar starfsumhverfis (ein gátt), en þar á eftir kom ólögleg starfsemi og eftirlit með henni, ásamt ábendingum um áhrifaríkari viðurlög. Auk þess voru flestir haghafar sammála um að tryggja þyrfti, eins og kostur er, öryggi ferðamanna.**

Þar sem haghafar bentu eindregið á þessa þætti eru lagðar til viðbætur við regluverkið.

- Heimildir til stjórnvaldssekta verði auknar starfi fyrirtæki án leyfis eða skráningar, þar sem kærur til lögreglu eru seinvirkt og flókið úrræði. Þó skal þess gætt að atvinnulífinu sé sýnt traust til að reka sína starfsemi skv. lögum og reglum, þar til annað kemur í ljós, einnig skuli virkja jákvæða hvata til reglufylgni.
- Heimilt verði að leggja á dagsektir ef fyrirtæki hlýða ekki stjórnvaldsákvörðunum eða -fyrirmælum.
- Að lögbundnar verði öryggiskröfur sem taka mið af eftirfarandi:
  - Þeir sem bjóða upp á ferðatengda þjónustu setji sér öryggisáætlanir, sem fela í sér áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlanir og atvikaskýrslur. Það á einnig við um þá sem bjóða upp á dagsferðir þó svo að slík starfsemi sé ekki leyfis- eða skráningarskyld.
  - Starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja skuli hafa viðeigandi þekkingu og þjálfun sem nýtist í starfi, þekkingu og þjálfun í fyrstu hjálp og öðrum öryggisreglum sem starfsemin setur sér.
- Að sett verði á fót sérstök rannsóknarnefnd ferðaslysa.

## Tillögur um einföldun starfsumhverfis í ferðaþjónustu

### Lög um skipan ferðamála nr. 73/2005

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Öryggiskröfur sem gilda fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, m.a. alferðir og dagsferðir. | Lög um skipan ferðamála | Ekkert | Bæta við |
| Dagsektir | Lög um skipan ferðamála | Ekkert | Bæta við |



| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Lögbundnar verði öryggiskröfur sem allir sem skipuleggja, bjóða fram og selja ferðatengda þjónustu innanlands þurfa að uppfylla, hvort sem um skráningarskylda starfsemi er að ræða eða ekki. Öryggiskröfur þessar felast í:<br>a. að starfsemi setji sér öryggisáætlun, sem felur í sér áhættumat vegna ferða innanlands, verklagsreglur, viðsbragðsáætlanir og atvikaskýrslur samanber t.d. kröfur Vakans, gæða- og öryggiskerfis ferðaþjónustunnar.<br>b. að starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja skulu hafa viðeigandi þekkingu og þjálfun sem nýtist í starfi, þekkingu og þjálfun í fyrstu hjálp og öðrum öryggisreglum sem starfsemin setur sér.<br>c. að ráðherra verði fengin heimild til að setja frekari reglur um öryggiskröfur í reglugerð. | Haghafar hafa bent á mikilvægi þess að öryggismál ferðaþjónustuaðila séu í lagi og þeir sem starfi í greininni hafi viðeigandi þekkingu og þjálfun. Skorti á öryggi og gæði í ferðaþjónustunni er hætta á að íslensk ferðaþjónusta standist ekki samanburð í harðri samkeppni við önnur lönd.<br>Ferðamálastofa hefur látið útbúa ítarlegar leiðbeiningar um gerð öryggisáætlana sem ferðaþjónustuaðilar geta nýtt sér. | |
| Ferðamálastofu verði heimilt að leggja dagsektir á þá aðila sem ekki sinna stjórnvaldsákvörðun eða stjórnvaldsfyrirmælum Ferðamálastofu. | Nauðsynlegt er að til staðar séu virk þvingunarúrræði þegar stjórnvaldsfyrirmælum og –ákvörðunum er ekki fylgt en algengt er að eftirlitsstofnanir hafi sambærilegar heimildir. Nokkuð er um að slíkum ákvörðunum og fyrirmælum sé sinnt seint og illa. Einu fyrirliggjandi úrræðin eru niðurfelling leyfa sem í raun þjóna ekki tilgangi sínum skv. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Beiting dagssekta er mun hraðari, skilvirkari og skýrari en núverandi heimild til þvingunaraðgerða og mun líklegri til skjótra og jákvæðra úrbóta. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 3. AUKIÐ ÖRYGGI OG BÆTT REGLUFYLGNI

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Viðurlög verði á formi stjórnvaldssekta fremur en kæru til lögreglu | Lög um skipan ferðamála | Hver sá sem rekur leyfisskylda eða skráningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar eða starfsemi samræmist ekki útgefnu leyfi eða skráningu skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. | Breyta |
| Rannsóknarnefnd ferðaslysa | Lög um skipan ferðamála | Ekki til staðar í lögum | Bæta við |

## Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007<br>Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 585/2007

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Ábyrgðartryggingar | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | | Bæta við |
| Öryggiskröfur | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | | Bæta við |
| Öryggiskröfur vegna heimagistingar sem undanþegin er skráningarskyldu | Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | | |
| Tækifærisleyfi og rökstuðningur ef neitun | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Bæta við | |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Ferðamálastofu verði heimilt að beita stjórnvaldssektum ef ferðaskrifstofa starfar án skráningar hjá Ferðamálastofu í stað kæru til lögreglu.<br>Áfram verði í lögunum ákvæði um að lögreglu verði skylt, að beiðni Ferðamálastofu og án fyrirvara og aðvörunar, að stöðva starfsemi, þ.á.m. lokun heimasíðu.<br>Einnig verði heimild til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem skipuleggja, bjóða fram og selja dagsferðir sem vara ekki lengur en 24 klst. ef þeir uppfylla ekki lögbundnar öryggiskröfur. | Haghafar bentu á hve seinvirk kæra til lögreglu er við beitingu viðurlaga.<br>Að ákvörðun um viðurlög verði í formi stjórnvaldssekta Ferðamálastofu í stað kæru til lögreglu. Þetta á við þegar viðkomandi hefur ekki sinnt ítrekuðum aðvörunum um úrbætur, enda skuli gætt meðalhófs.<br>Beiting stjónvaldssekta er mun hraðari, skilvirkari og skýrari en núverandi heimild til viðurlaga, enda mun líklegri til skjótra og jákvæðra úrbóta.<br>Nauðsynlegt er að einhvers konar viðurlög verði við því ef þeir sem bjóða slíkar ferðir verða uppvísir af því að uppfylla ekki öryggiskröfur. | |
| Að sett verði fót rannsóknarnefnd ferðaslysa. | Tíð slys hafa orðið í tengslum við ferðaþjónustuna. Því miður er ekki til samræmt yfirlit yfir fjölda þeirra og eðli. Í ljósi vaxandi ferðamannafjölda til Íslands er mikilvægt að öryggi sé tryggt sem best. Mikilvægt er að slík nefnd verði sett á fót til að upplýsingar fáist um hvar þarf að efla forvarnir og fræðslu. Hlutverk nefndarinnar yrði að rýna slys og koma með tillögur að úrbótum. Með því fengist mikilvæg reynsla og mikilvægar upplýsingar. | |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Að lögð verði sú skylda á veitinga- og gististaði að leggja fram staðfestingu á ábyrgðartryggingu frá vátryggingarfélagi. | Ábyrgðartryggingunni er ætlað að bæta hugsanlegt muna- og líkamstjón sem gestir kunna að verða fyrir vegna sakar starfsmanns/-manna gististaða og veitingastaða. | |
| Lögbundnar verði öryggiskröfur fyrir gististaði sem felast í:<br>a. að starfsemi setji sér öryggisáætlun, sem felur í sér áhættumat, verklagsreglur, viðsbragðsáætlanir og atvikaskýrslur samanber t.d. kröfur Vakans, gæða- og öryggiskerfis ferðaþjónustunnar.<br>b. að starfsmenn gististaða skulu hafa viðeigandi þekkingu og þjálfun sem nýtist í starfi, þekkingu og þjálfun í skyndihjálp og öðrum öryggisreglum sem starfsemin setur sér.<br>c. að ráðherra verði fengin heimild til að setja frekari reglur um öryggiskröfur í reglugerð. | Haghafar hafa bent á mikilvægi þess að öryggismál ferðaþjónustuaðila séu í lagi og þeir sem starfi í greininni hafi viðeigandi þekkingu og þjálfun. Skorti á öryggi og gæði í ferðaþjónustunni er hætta á að íslensk ferðaþjónusta standist ekki samanburð í harðri samkeppni við önnur lönd.<br>Ferðamálastofa hefur látið útbúa ítarlegar leiðbeiningar um gerð öryggisáætlana sem ferðaþjónustuaðilar geta nýtt sér. | |
| Þeim sem býður fram heimagistingu sem undanþegin er leyfisskyldu ber að uppfylla lágmarks öryggiskröfur s.s. varðandi reykskynjara, flóttaleiðir, brunateppi og slökkvitæki. Einnig að lögð verði fram ábyrgðartrygging frá vátryggingarfélagi. Ráðherra setji frekari ákvæði um öryggiskröfur í reglugerð. | Þar sem heimagisting fyrir allt að 6 gesti í senn er undanþegin leyfisskyldu og umsögnum þar til bærra yfirvalda er mikilvægt að sá sem leigir út slíkt húsnæði þurfi að uppfylla ákveðnar lágmarks öryggiskröfur sem settar verða í reglugerð. | |
| Sé tækifærisleyfi synjað ber sýslumanni/lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að rökstyðja ákvörðun sína samhliða. | Það er eðlileg og sanngjörn krafa að rökstuðningur fylgi synjun á tímabundnu tækifærisleyfi. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 3. AUKIÐ ÖRYGGI OG BÆTT REGLUFYLGNI

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Eftirlit með gististöðum | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með því að leyfishafi uppfylli skilyrði fyrir rekstrarleyfi, að fylgt sé skilyrðum sem leyfi er bundið, svo sem um dyravörslu, leyfilegan afgreiðslutíma og gestafjölda, einnig að fylgt sé ákvæðum laganna um dvöl ungmenna á veitingastöðum og um áfengisveitingar. | Breyta |
| Stjórnvaldssektir. | Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald | Hver sá sem rekur leyfisskylda starfsemi (gististað) án tilskilins leyfis, sbr. 7., 12., 17. og/eða 18. gr., skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn reglugerðum settum með stoð í lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. | Breyta |

## Frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja

| Málefni í ferðaþjónustu | Heiti laga eða reglna | Lýsing á reglu fyrir umbætur | Fella brott/ bæta/breyta |
|---|---|---|---|
| Stjórnvaldssektir | Frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja | Brot gegn 3., 5., 6. og 7. gr. og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti sakamála. | Breyta |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Ferðamálastofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um gististaði, þ.á.m. með því að gististaðir uppfylli þau skilyrði sem bundin eru skáningu.<br>Lögreglustjórar hafa áfram eftirlit með veitingastöðum og skemmtanahaldi samanber núgildandi ákvæði. | Þar sem málefni gististaða verður flutt til Ferðamálastofu er eðlilegt að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laganna.<br>Ekki eru lagðar til breytingar á núgildandi ákvæðum um eftirlit með starfsemi veitingastaða og skemmtanahaldi eins og verið hefur. | |
| Að viðurlagaákvörðun verði í formi stjórnvaldssektar í stað kæru til lögreglu. Ferðamálastofu verði heimilt að beita stjórnvaldssektum ef skráningarskyldur aðili starfar án þess að hafa skráð starfsemi sína.<br>Í lögunum verði sett ákvæði um að lögreglu verði skylt, að beiðni Ferðamálastofu og án fyrirvara og aðvörunar, að stöðva starfsemi, þ.á.m. lokun heimasíðu vegna brota á ákvæðum laganna.<br>Viðurlög við brotum á ákvæðum um veitingastaði og skemmtanahald þarf að skoða sérstaklega í ljósi breyttra laga um aðskilnað embætta sýslumanna og lögreglustjóra. | Kæra til lögreglu er seinvirkt úrræði. Beiting stjónvaldssektar er mun hraðari, skilvirkari og skýrari en núverandi heimild til viðurlaga, enda mun líklegri til skjótra og jákvæðra úrbóta. | |

| Tillögur | Rökstuðningur | Staða vinnslu |
|---|---|---|
| Að viðurlagaákvörðun verði í formi stjórnvaldssektar í stað kæru til lögreglu.<br>Samgöngustofu verði heimilt að beita stjórnvaldssektum ef leyfisskyldur aðili starfar án þess að hafa leyfi.<br>Áfram verði í lögunum ákvæði um að lögreglu verði skylt, að beiðni Samgöngustofu og án fyrirvara og aðvörunar, að stöðva starfsemi, þ.á.m. lokun heimasíðu. | Haghafar bentu á hve seinvirk kæra til lögreglu er við beitingu viðurlaga.<br>Beiting stjónvaldssektar er mun hraðari, skilvirkari og skýrari en núverandi heimild til viðurlaga, enda mun líklegri til skjótra og jákvæðra úrbóta. | |

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 4. STEFNUMÓTUN OG AÐGERÐAÁÆTLUN

## Opinber stefna í ferðaþjónustu verði skýr og vel kynnt.

- Þau lönd sem skara fram úr í ferðaþjónustu (sbr. World Economic Forum 2013) eiga það sameiginlegt að opinber stefna í ferðamálum er skýr með fáum, vel skilgreindum, áherslum og aðgerðum. Stefnan er sett fram á einfaldan og aðgengilegan máta, hún er aðgerðabundin og samræmir áherslur á landsvísu.
- Núverandi ferðamálastefna gildir til 2020. Í ljósi örra breytinga í ferðaþjónustu og hve greinin hefur vaxið hratt er lagt til að hún verði endurskoðuð.
- Áhersla verði t.d. á umhverfismál, sjálfbærni, rannsóknir, tölfræði og mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir efnahagslífið.
- Dæmi um stefnuáherslur annarra þjóða: Einstök upplifun ferðamanna, fyrirmyndarþjónusta, gestrisni og viðmót, aðbúnaður greinarinnar (samgöngur, tækni, o.fl.), samkeppnishæfni og árangur fyrirtækja í greininni, efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu og fjárfestingar í greininni, markaðsmál, umhverfi og sjálfbærni, öryggi, gæði, stolt og mælingar.

Viðmiðunarlöndin telja ferðaþjónustu vera eina mikilvægustu stoð hagkerfisins. Algengt er að ráðherrar ferðamála séu í forsvari fyrir stefnu sem sett er fram á einfaldan og aðgengilegan máta:

### Bretland

- Our vision: To inspire the world to explore Britain
- Our strategy:
  - Inspire travellers from overseas to visit and explore Britain.
  - Use our global network to support the promotion of British tourism overseas.
  - Advise Government and the industry on tourism issues, particularly affecting our global competitiveness.
  - Maximise public investment through partner engagement and commercial activity.
  - Fostering an adequate supply of skills and labour to enhance visitor experiences through quality service and hospitality.

### Kanada

- Welcoming the World.
  - Increasing awareness of Canada as a premier tourist destination.
  - Facilitating ease of access and movement for travellers while ensuring the safety and integrity of Canada´s borders.
  - Encouraging product development and investments in Canadian tourism assets and products.

### Sviss

- Switzerland is an attractive and successful tourism destination.
  - Successful tourisim companies.
  - Excellent competitiveness.
  - High quality and model of sustainability.

### Nýja-Sjáland

- New-Zealand Tourism Stragety 2015.
  - New-Zealand delivers a world–class visitor experience.
  - New-Zealand's tourism sector is prosperous and attracts ongoing investment.
  - The tourism sector takes a leading role in protecting and enhancing New-Zealand's environment.
  - The tourism sector and communities work together for mutual benefit.

TILLÖGUR STÝRIHÓPS

# 5. AUKIÐ HLUTVERK VAKANS



## Vakanum verði falið lykilhlutverk í gæða- og öryggismálum ferðaþjónustunnar og að merki hans verð endurskoðað með alþjóðlega skírskotun í huga.

Lagt er til að:

- Eitt af lögbundnu hlutverkum Ferðamálastofu verði að halda úti öflugu gæða- og öryggiskerfi í ferðaþjónustu.
- Ferðaþjónustuaðilar sem eru með gæðavottun eða flokkun frá viðurkenndum þriðja aðila njóti þess sérstaklega, þannig verði í kynningum á vegum opinberra aðila s.s. Íslandsstofu og Ferðamálastofu eingöngu gæðavottuð eða flokkuð ferðaþjónustufyrirtæki kynnt, þremur til fimm árum eftir gildistöku laga.
- Vakinn verði kynntur fyrir íslenskum sem erlendum aðilum og merki hans endurskoðað með alþjóðlega skírskotun í huga, svo að merki hans og þýðing sé öllum ljós. Slík kynning mun einnig virka enn frekar sem hvatning fyrir fyrirtækin innan ferðaþjónustunnar til þátttöku.
- Farið verði í ímyndar og kynningarátak fyrir Vakann því hlutverk hans fyrir íslenska ferðaþjónustu er afar mikilvægt þ.e. að sjá til þess að gæða- og öryggismál séu í öndvegi sem eru lykilatriði í ferðaþjónustu og huga að jákvæðri hvatningu til að auka þátttöku ferðaþjónustufyrirtækja í Vakanum
  - Þá er hægt að sjá fyrir sér að með tíð og tíma dragi úr afskiptum hins opinbera varðandi eftirlit með þeim fyrirtækjum sem eru innan Vakans og að sett verði í lög að eftirlitsaðilum sé heimilt að taka tillit til þess hvort aðilar séu í Vakanum eða í sambærilegum kerfum.

# LEIÐARLJÓS Í STARFI TIL EINFÖLDUNAR REGLUVERKS

**Ríkisstjórnin hefur sett einföldun regluverks í forgang. Ferðaþjónustan varð fyrst atvinnugreina fyrir valinu til þess að meta starfsumhverfið og benda á leiðir til einföldunar. Ekki er vitað til þess að sambærileg verkefni hafi verið unnin áður hér á landi. Það er von stýrihópsins að eftirfarandi leiðarljós sem byggja á vinnu hópsins og lærdómi geti þjónað í viðleitni til einföldunar regluverks í öðrum atvinnugreinum.**

### 1. Gengið út frá því að farið sé eftir lögum og reglum

Stjórnvöld gangi út frá því að atvinnulífið vilji fara eftir lögum og reglum í starfsemi sinni. Komi í ljós að starfsemi stríði gegn lögum og reglum þarf að taka á því af festu.

### 2. Ein rafræn gátt

Stefnt skal að því að öll formleg samskipti atvinnulífsins við stjórnvöld fari fram með rafrænum hætti. Þannig verði hægt að sækja um tilskilin leyfi eða tilkynna og skrá starfsemi á einum stað á vefnum og umsóknir séu afgreiddar þar án þess að umsækjandi þurfi að snúa sér til margra mismunandi stjórnvalda. Sett séu markmið um að leyfi og skráningar séu afgreiddar innan tiltekins tíma.

### 3. Samnýting upplýsinga

Opinberum aðilum ber að samnýta upplýsingar í fórum sínum þannig að umsækjendur þurfi ekki að skila sömu upplýsingunum inn oftar en einu sinni til stjórnvalda.

### 4. Takmarkandi leyfi þurfa að styðjast við sérstök rök

Skoða þarf vel hvort þörf sé á öðrum formskilyrðum en einfaldri tilkynningu, t.d. til skattyfirvalda, áður en starfsemi hefst. Er þá gengið út frá því að hart sé tekið á því ef þau formskilyrði sem eftir standa eru ekki virt eða ef rangar upplýsingar eru gefnar vísvitandi.

### 5. Atvinnulífið hvatt til að þróa viðmið um góða starfshætti

Styðja þarf viðleitni fyrirtækja til að þróa sjálf viðmið um góða starfshætti, gæðakerfi og innra eftirlit og draga þannig úr þörf fyrir kostnaðarsamt opinbert eftirlit, sem er einungis ein leið af mörgum til að tryggja reglufylgni, sbr. t.d. aðhald viðskiptavina.

### 6. Eftirlit og viðurlög í samræmi við tilefni

Opinbert eftirlit taki mið af háttsemi og sögu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga. Í því felst áhættumat þannig að fyrirtæki sem hafa orðið uppvís að því að brjóta meðvitað og ítrekað gegn lögum og reglum sæti örara eftirliti en ella. Beri það ekki árangur sé gripið til viðurlaga og jafnvel stöðvunar starfsemi í samræmi við tilefnið. Að sama skapi er þá rétt að draga úr eftirlitsbyrði gagnvart fyrirtækjum sem reynslan sýnir að leggja sig fram um að starfa innan ramma laga og reglna.

### 7. Eftirlitskostnaður

Ekki er óeðlilegt að atvinnulífið beri þann kostnað sem hlýst af opinberu eftirliti, þ.e. óhjákvæmilegan kostnað við að tryggja að starfsemi sé innan ramma laga og þar með að ekki sé vegið að ýmsum grunngildum sem lög helgast af eins og umhverfisvernd, almannaheilsu og öryggi. Gjaldtöku ætti hins vegar ekki að réttlæta með nauðsyn þess að tryggja starfsemi stjórnvalds sem slíks. Að sama skapi ætti ekki að líta á eftirlit eða aðra íhlutun stjórnvalda fyrst og fremst sem tekjuöflunarleið.

### 8. Sveigjanleiki

Taka þarf tillit til stærðar fyrirtækja eftir því sem hægt er við laga- og reglusetningu enda er flókið og íþyngjandi regluverk sérstök samkeppnishindrun fyrir smærri aðila.

### 9. Samvinna eftirlitsaðila

Þeir sem hafa með höndum eftirlit með atvinnurekstri vinni betur saman, samnýti upplýsingar og sameinist um nauðsynlegar eftirlitsheimsóknir til þess að draga úr kostnaði og eftirlitsbyrði.

## Vinnulag við einföldun

1. Stjórnvöld og atvinnulífið vinna saman að því að greina hvar eru möguleikar til einföldunar og aukinnar skilvirkni.
2. Byrjað er á að skilgreina það svið opinbers regluverks sem er til skoðunar.
3. Lagt er mat á hvaða opinberu kvaðir og stjórnsýsluhættir á því sviði valdi mestum kostnaði og pirringi.
4. Dregin eru fram markmið regluverks á viðkomandi sviði og eftir atvikum bent á hvort opinber stefna mætti vera skýrari.
5. Reynsla annarra þjóða og regluverk á sambærilegum sviðum er haft til hliðsjónar.
6. Einföldunartillögur mótaðar og metnar út frá almannahagsmunum.
7. Tillögur eru kynntar opinberlega og öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins tíma (t.d. 3ja mánuða).
8. Unnið úr athugasemdum og aðgerðaáætlun til einföldunar mótuð og samþykkt af viðkomandi ráðherra/ríkisstjórn
9. Að 3-5 árum liðnum er metið hvaða árangur hefur náðst, meðal annars með mælingum á kostnaði og pirringi.

Forsætisráðuneytið og ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur veita nánari ráðgjöf um vinnulag við einföldun.

# NÆSTU SKREF

## Mikilvægt er að gerð verði verkefnaáætlun um framkvæmd tillagna.

### Tillaga 1: Ein rafræn gátt

Veigamesta tillaga stýrihópsins felst í einni rafrænni gátt fyrir ferðaþjónustuna og brýnt er að hefjast handa við framkvæmd hennar á árinu 2014. Mikið hefur verið rætt og ritað um einföldun regluverks og að gríðarleg tækifæri felist í samhæfðri rafrænni stjórnsýslu. Verkefnið er tæknilega einfalt þar sem þekking á verklagi er til staðar hjá Ríkisskattstjóra og Island.is, vandinn felst í að samhæfa stofnanir, verklag þeirra, mismunandi kerfi og menningu, sem er auk þess tímafrekt ferli. Áður hafa fjölmargar þjóðir farið þennan veg, upphaflega hefur verkefnið reynst dýrt en til lengri tíma er mikill sparnaður.

### Tillaga 2 og 3 um einföldun regluverks, aukið öryggi og bætta reglufylgni

Lagt er til að opnuð verði rafræn síða þar sem tillögur stýrihópsins eru tímabundið birtar, ásamt mögulega öðrum hugmyndum ráðuneytisins, þannig að haghafar geti komið með ábendingar. Hugsanlega má hafa opnun á utanaðkomandi ábendingar í 100 daga og að þeim loknum verði birt samantekt í anda einföldunarátaks (red-tape-challenge) í Bretalandi. Þar voru birtar hugmyndir, hér tillögur stýrihópsins, ábendingar frá haghöfum sem bárust á ákv. tímabili og hvað var gert með ábendingarnar. Lagt er til að hafist verði handa við gerð frumvarpa á grundvelli tillagna stýrihópsins, þannig þó að hægt verði að taka tillit til rafrænna ábendinga haghafa áður en frumvörpin verða lögð fram á Alþingi.

### Tillaga 4: Stefnumótun og aðgerðaáætlun

Lagt er til að ráðherra endurskoði gildandi stefnu í ferðamálum þar sem tekið verði mið af hröðum vexti greinarinnar, meðfylgjandi tillögum og reynslu viðmiðunarlanda sem komin eru lengra í ferðaþjónustu.

### Tillaga 5: Aukið hlutverk Vakans

Lagt er til að skerpa á hlutverki Vakans og efla vægi hans innan ferðaþjónustunnar. Í framhaldi er lagt til að opinberir aðilar muni sérstaklega kynna þau ferðaþjónustufyrirtæki sem eru vottuð af þriðja aðila og/eða uppfylla öryggis- og gæðaáætlanir Vakans.

Reykjavík, 26. maí 2014

Að lokum þakkar stýrihópurinn öllum þeim samstarfsaðilum sem komu að verkefninu, það er von okkar að tillögurnar fái hljómgrunn.

| | |
|---|---|
| Ásbjörn Björgvinsson | Helena Þ. Karlsdóttir |
| Daníel Reynisson | Páll Þórhallsson |
| Elías Bj. Gíslason | Guðfinna S. Bjarnadóttir |
| Gunnar Valur Sveinsson | Vilhjálmur Kristjánsson |

# VIÐAUKAR

Helstu niðurstöður frá vinnustofu Iceland Tourism og stýrihóps Ferðamálastofu með ferðaþjónustu-aðilum og leyfisveitendum 27. febrúar 2014 ..... 29

Vinnufundur stýrihóps Ferðamálastofu með leyfisveitendum 28. mars 2014 ..... 32

Gestir og þátttakendur/haghafar ..... 35

Helstu niðurstöður frá vinnufundi með markaðsskrifstofum 7. maí 2014 ..... 36

Lærdómur frá völdum viðmiðunarlöndum ..... 39

Leyfis- og skráningarferlar *fyrir* breytingar ..... 42

Leyfis- og skráningarferlar *eftir* breytingar ..... 44

Könnun Ferðamálastofu í apríl ..... 46

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR FRÁ VINNUSTOFU ICELAND TOURISM OG STÝRIHÓPS FERÐAMÁLASTOFU MEÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILUM OG LEYFISVEITENDUM 27. FEBRÚAR 2014

**Iceland Tourism og stýrihópur Ferðamálastofu héldu sameiginlega vinnustofu með ýmsum ferðaþjónustuaðilum og leyfisveitendum 27. febrúar. Frá ferðaþjónustunni komu m.a. aðilar frá ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum, hótelum og gistihúsum, veitingahúsum, flutningsfyrirtækjum og bílaleigum ásamt aðilum í afþreyingarrekstri.** *(sjá lista bls. 35)*

## Tilgangurinn með vinnustofunni

Fá saman haghafa sem sinna leyfismálum og eftirliti í íslenskri ferðaþjónustu ásamt ferðaþjónustuaðilum til að ræða saman og setja fram hugmyndir um hvernig megi einfalda starfsumhverfið og regluverkið í íslenskri ferðaþjónustu.

## Spurningar

Eru leyfi nauðsynleg? Tilgangur þeirra? Hvaða réttindi veita þau? Hvaða skyldur fylgja þeim? Hvernig er þeim fylgt eftir? Hvar eru flöskuhálsar, hvað veldur ágreiningi?

Hvert er hluverk Vakans? Gætu skilyrði og kröfur sem eru gerðar til aðila sem óska viðurkenningar Vakans orðið grunnur að einfaldara leyfisferli og komið í veg fyrir tvíverknað. Mikilvægt er að velta fyrir sér hvernig hægt er að virkja Vakans enn frekar í tengslum við leyfisveitingar og stuðla að aukinni gæðavitund innan greinarinnar.

Einföldun stjórnsýslunnar: Hvað Pirrar? Forgangsraðið þeim atriðum sem pirra mest. Skoðið flækjustigið. Bendið á leiðir til úrbóta. Er raunhæft að útvista einstaka efnisþáttum frá stjórnsýslu til einkaaðila? Bendið á leiðir til úrbóta.

## Helstu niðurstöður

### Einfalda starfsumhverfi – ein rafræn gátt

- Auka rafræna þjónustu.
- Setja leyfismál í einfalt ferli (One-stop-shop).
- Bæta samvinnu, samhæfa aðgerðir (á milli) leyfisveitenda.
- Nýta upplýsingar sem til staðar eru (draga úr tvíverknaði og flækjum).
- Eftirlitsaðilar of margir.
- Of margar stofnanir, of mörg vottorð.
- Mismunandi útfærsla á lögum/reglum, t.d. milli landshluta.
- Upplýsingar of dreifðar og ósamræmdar.
- Draga úr upplýsingakröfum.
- Bæta reglugerðarupplýsingar á vef.

### Taka á ólöglegri starfsemi

- Hafa áhrifarík viðurlög gegn þeim sem eru ólöglegir.
- Taka á þeim sem ekki hafa leyfi/eru ólöglegir.
- Bjóða þeim uppá úræði sem miða að réttindum.

### Vanda löggjöf/reglur (út frá heildarsýn)

- Leyfi eru nauðsynleg ef tilgangurinn er skýr og eftirfylgni til staðar.
- Nauðsynleg vegna: Öryggis- og gæðamála, einnig þarf að huga að alþjóðlegum skuldbindingum (ESB) og aðgangsstýringu.
- Bæta skilning á því hvaða áhrif lög/reglur hafa á fyrirtækin.
- Óskýr lög – hvað þarf að uppfylla?
- Réttindi sem fylgja leyfum eru oft óljós.
- Undirbúa vel og birta áætlanir um reglugerðarbreytingar.

### Efla þjónustulund í stjórnsýslu

- Draga úr neikvæðri upplifun í samskiptum við leyfisveitendum – auka þjónustulund og vinna skv. þjónustustöðlum.
- Styðja við fagmennsku.
- Nota einföld skilaboð og skilgreiningar (mannamál).

# VIÐAUKAR

## Niðurstöður vinnuhópa 27. febrúar 2014

### Ferðaskrifstofur/ferðaskipuleggjendur/ bókunarmiðstöðvar

#### Eru leyfi nauðsynleg?

Já leyfi eru nauðsynleg, ef eftirlit fylgri.

- Vegna: Öryggi fyrst og fremst (allir á því), gæðamál, líka alþjóðlegar skuldbindingar (ESB) og aðgangsstýring.
- Vandi: Leyfi eru lítils virði án eftirlits og viðurlaga.
- Leyfin eru of dreifð og eftirlit með leyfislausum verður að efla.
- Tilgangur leyfa er oft óljós, réttindin óljós, ómarkviss leyfi og eins er flækjustig of mikið. Ferðaskipuleggjendaleyfi virðast t.d. með öllu ónauðsynleg, þar er ekkert eftirlit og engin viðurlög. Þetta getur t.d. ruglað samkeppnisstöðu.
- Réttindi sem fylgja leyfum eru of óljós og breyta þarf hugtakaskilgreiningum til samræmis við erlenda hugtakaskilgreiningar.
- Ferðaskrifstofuleyfin eru nauðsynleg vegna tilskipunar ESB um pakkaferðir.

#### Hlutverk Vakans?

Óljós staða Vakans - hvað með þetta nafn?? hugtakið vísar ekki til alþjóðlegra gæða? Vantar alþjóðlegri skýrskotun

- Vakinn virðist hafa eftirlitsverkefni en hann einfaldar engan veginn regluverkið.
- Vakinn þarf að gefa vottun sem er einhvers virði (jákvæðir hvatar).
- Vakinn gæti sinnt eftirliti til að koma í veg fyrir tvíverknað. Hann gæti verið hlið og vegur (one stop shop) ferðaþjónustunnar.
- Hann tryggir fagmennsku og gæði ferðaþjónustunnar en getur ekki sinnt öllu. Passa þarf að gera ekki of miklar kröfur á Vakann því þá gæti hann misst marks.
- Vakinn ætti að vera hjá ferðaþjónstunni en leyfismálin hjá hinu opinbera.

#### Einföldun stjórnsýslunnar

Flækjustig – of margir viðkomustaðir.

- Ein rafræn gátt: Leyfismálin eiga að vera einfalt ferli.
- Óljóst regluverk of mikil túlkun og ósamræmi.
- Neikvæð upplifun að eiga samskipti við leyfisveitendur byggja þarf samskiptin á jákvæðni frekar en á vantrausti.
- Leyfismál eru neikvætt ferli.
- Leyfislausir regluverkið m.t.t refsinga er óljóst.
- Veik stjórnsýsla sundruð og vantar heildarsýn.
- Sóun í kerfinu - tvíverknaður.

### Flutningsaðilar: Hópferðabílar, flug og bílaleigur

#### Eru leyfi nauðsynleg?

Sannfærðir um þörfina fyrir leyfi.

- Leyfi misstu hins vegar tilgang sinn og snerust jafnvel upp í andhverfu sína ef það hefur engar afleiðingar að starfa án leyfis.
- Röng áhersla eftirlits. Mest áhersla lögð á að fylgjast með aðilum sem eru með leyfi og yfirleitt með hluti í lagi, en nánast engin áhersla lögð á að reyna að „góma“ leyfislausa aðila.
- Fulltrúar bílaleiga sögðu þröskuld inn í greinina vera of lítinn (gæði, kröfur o.þ.h.).
- Engin umræða varð um það hvenær þurfi leyfi og hvenær vægari íhlutun stjórnvalda í formi skráningarskyldu eða almenns eftirlits geti átt við.

#### Hlutverk Vakans?

Vitneskja um Vakann var takmörkuð við borðið.

- Upp komu áhugaverðar spurningar um það t.d. hvort Vakinn ætti yfir höfuð við um flugið t.d. Þá var aðeins komið inn á tengingu við önnur gæðakerfi eins og ISO-staðla.

#### Einföldun stjórnsýslunnar

Heilagri en páfinn þegar kemur að innleiðingu EES.

- EES reglur eru innleiddar á strangastan hátt og stundum væri heimatilbúnum ákvæðum einnig skotið inn.
- Ríkið stöðugt að bæta inn gjaldtöku fyrir leyfi og annað sem síðan er velt út í verðlagið og verður íþyngjandi.
- Leyfisumsóknir og endurnýjanir tyrfið.
- Tvíverknaður dæmi: Yfirvöld hér krefjist íslenskrar löggildingar ökurita í bifreiðum frá öðrum löndum sem væru með þarlenda löggildingu – óþarfa kostnaðarsamt umstang.

## Afþreying 1: Flug, sigling og hestar

### Eru leyfi nauðsynleg?

Sammála um nauðsyn leyfa þ.e. upp að vissu marki.

- ekki of þröngan leyfisramma þá sérstaklega til að tryggja öryggi, gesta/farþega, starfsmanna sem og annarra hagsmunaaðila.

### Hlutverk Vakans?

Hlutverk Vakans: Helst var að skilja á sessunautum að hann gæti nýst við eftirlit, þ.e. úttektaraðilar á vegum Vakans fengju eftirlitshlutverk.

- Vantaði háleitari og betri umræður um hvernig Vakinn gæti hugsanlega hjálpað til við einföldun regluverks og kannski komið að one stop shop fyrir fyrirtæki sem vija starfa í ferðaþjónustunni.
- Mér finnst að tilhneiging fólks sé gjarnan að sjá Vakann meira sem reaktífan í gæðaeftirliti frekar en proaktífan.

### Einföldun stjórnsýslunnar

Umræða um tvíverknað þ.e. að fólk vill gjarnan sjá eina gátt (one stop shop concept) og meira af rafrænni þjónustu.

- Pirringur út í siglingasvið Samgöngustofu.
- Helst var að skilja að það væri tilkomið vegna skorts á þjónustulund starfsmanna viðkomandi sviðs, einnig seinvirkt.

## Afþreying 2: Böð, ganga, ísklifur og hjólaferðir

### Eru leyfi nauðsynleg?

Það vantar aukna og miklu meiri fræðslu um lög, leyfi og reglugerðir (þær eru ekki eins flóknar eða erfiðar eins og sagt er).

- Setja á fót – one-stop-shop.

### Hlutverk Vakans?

### Einföldun stjórnsýslunnar

Það vantar mun meiri samræður og samskipti bæði milli aðila sem koma að þessum málaflokkum og þeirra sem vinna í greininni.

## Afþreying 3: Vélsleðar, fjórhjól, jeppar og veiði

### Eru leyfi nauðsynleg?

Leyfi eru nauðsynleg ef tilgangur er skýr og eftirfylgni sinnt.

- Rætt var um skrásetningu í stað leyfa.

### Hlutverk Vakans?

Vakinn getur sinnt stærra hlutverki.

- m.a. yfirumsjón með eftirliti, leyfismálum þar sem það á við og verið upplýsingaveitu fyrir rekstraraðila (One-stop-shop).

### Einföldun stjórnsýslunnar

Lítið eftirlit með þeim aðilum sem stunda snjósleðaferðir, fjórhjólaferðir og jeppaferð.

Almennur pirringur snýr einnig að leyfisveitingum, eftirliti og endurnýjun almennt en að auki var komið inn á pirring vegna samskipta á milli stjórnsýsluaðila.

# VIÐAUKAR

## VINNUFUNDUR STÝRIHÓPS FERÐAMÁLASTOFU MEÐ LEYFISVEITENDUM 28. MARS 2014

**Stýrihópur Ferðamálastofu og helstu leyfisveitendur í ferðaþjónustu héldu sameiginlegan vinnufund 28. mars til að fjalla um einföldun starfsumhverfis og regluverks í ferðaþjónustu.**

### Tilgangurinn með vinnustofunni

Fá saman helstu aðila sem sinna leyfismálum og eftirliti í íslenskri ferðaþjónustu til að ræða saman og setja fram hugmyndir um hvernig megi einfalda starfsumhverfið og regluverkið í íslenskri ferðaþjónustu.

### Spurningar

- Hvaða leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn þurfa að vera áfram í lögum/reglugerðum? Hvers vegna? Viðurlög/eftirfylgni, meðhöndlun leyfislausra?
- Listið upp leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn sem þið teljið óþörf. Þarf eitthvað að koma í staðinn?
- Hvað má gera til að bæta opinbera þjónustu og einfalda skipulag og framkvæmd leyfisveitinga í ferðaþjónustu? Hvað má gera til að eyða óþarfa pirringi og flækjum? Hvað má endurskoða/einfalda/sameina/samhæfa?

### Helstu niðurstöður

1. Koma á laggirnar einni gátt – One-stop-shop.
   - Einföldun – samræma vinnubrögð og auka samvinnu milli stofnana.
   - Taka á misræmi milli framkvæmdar, t.d. eftir landshlutum og jafnvel eftir því hver svarar.
2. Eftirlit þarf að hafa með leyfislausum aðilum, útfæra það.
3. Reglur og lög eru ekki alltaf skýr og persónuleg túlkun of mikil.
4. Skoða mismunandi stöðu á höfuðborgarsvæði vs. landsbyggð.
5. Auka þjónustulund; að jákvætt sé að sækja um leyfi.

### Niðurstöður vinnuhópa 28. mars 2014

| Hópar | Hvaða leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn þurfa að vera áfram í lögum/reglugerðum? Hvers vegna? Viðurlög/eftirfylgni, meðhöndlun leyfislausra? | Listið upp leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn sem þið teljið óþörf. Þarf eitthvað að koma í staðinn? | Hvað má gera til að bæta opinbera þjónustu og einfalda skipulag og framkvæmd leyfisveitinga í ferðaþjónustu? Hvað má gera til að eyða óþarfa pirringi og flækjum? Hvað má endurskoða/einfalda/sameina/samhæfa? |
|---|---|---|---|
| **Gisting –veitingahús** | • Leyfi nauðsyleg.<br>• Alþjóðlegir staðlar.<br>• Tryggja öryggi og gæði fyrir neytendur.<br>• Viðurlög mættu vera skilvirkari fyrir gistingu (í góðum málum hjá veitinga- og skemmtistöðum).<br>• Leyfislausir – aðvara – síðan loka. | • Sameina enn frekar þau leyfi sem eru í dag.<br>• Sameina umsögn ýmissa aðila hjá sveitarfélögum á einum stað sbr. heilbrigði, byggingareftirlit o.fl.<br>• Einfalda leyfisveitingar fyrir smærri aðila.<br>• Búsetuvottorð óþarft.<br>• Þarf bæði starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og rekstrarleyfi ? 2007.<br>• Taka út vottorð RSK um skráningu á vsk og félagaskrá.<br>• Af hverju rekstrarleyfi frá lögreglu? | • Eina gátt – rafræna.<br>• Hlusta á viðskiptavini – hagsmunaaðila.<br>• Einfalda leyfisferlið fyrir tækifæris- og tímabundin. |

| Hópar | Hvaða leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn þurfa að vera áfram í lögum/reglugerðum? Hvers vegna? Viðurlög/eftirfylgni, meðhöndlun leyfislausra? | Listið upp leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn sem þið teljið óþörf. Þarf eitthvað að koma í staðinn? | Hvað má gera til að bæta opinbera þjónustu og einfalda skipulag og framkvæmd leyfisveitinga í ferðaþjónustu? Hvað má gera til að eyða óþarfa pirringi og flækjum? Hvað má endurskoða/einfalda/sameina/samhæfa? |
|---|---|---|---|
| **Hótel, veitingahús og skemmtiferðir** | • Leyfi eru nauðsynleg.<br>• Hafa hemil á svartri starfsemi.<br>• Skipulagið hefur of mikið horft á þá sem hafa leyfi en ekki fylgst með leyfislausum.<br>• Horfa þarf á markmið og tilgang leyfa. Dæmi: samfélagslegur tilgangur og almannahagsmunir, skipulagsmál.<br>• Vafamál hvort æskilegt sé að umsagnaraðilar séu að innheimta gjöld fyrir umsagnir. | • Þarf að skoða verklag stofnanna (t.d. Í samræmi við rafræna þjónustumöguleika) og hvort hægt sé að breyta ferlum eða útvista eftirlitshlutverkinu á sumum sviðum?<br>• Tækifærisleyfi algjör vitleysa. Taka út sali og húsnæði sem ætla að bjóða utanaðkomandi aðilum að nýta salinn og gefa út leyfi til lengri tíma. Skilgreina ábyrgð húseigenda / leigutaka betur og sleppa svona tækifærisleyfum.<br>• Gera greinarmun á starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og veitinga- og gistihúsaleyfum.<br>• Er nauðsynlegt að vinnueftirlitið gefi umsögn í öllum tilvikum – út á hvað gengur sú umsögn? | • Allar leyfisveitingar á einum stað.<br>• Skoða reglugerð um opinbert eftirlit. Það má alveg spyrja um nauðsyn allra þessara vottorða.<br>• Sýslumenn og margir aðrir leyfisveitendur hafa rafrænan aðgang að gögnum, s.s. þjóðskrá/fyrirtækjaskrá og öðrum þáttum. Vantar betri tengingar á milli stofnanna eða þekkingu á þessum leiðum.<br>• Breyta lögunum og eða reglugerðunum til samræmis við rafræna framþróun.<br>• Nei. Það er bara svo oft bundið í lög og reglugerðir að það þurfi að skila hinum og þessum vottorðum og leyfum.<br>• Copy paste Red tape reduction annara þjóða.<br>• Action plan. |
| **Samgöngur** | • Leyfi eru nauðsynleg til að viðhafa lögbundið eftirlit.<br>• Einnig, til að tryggja öryggi og gæði.<br>• Leyfi tilgangslaus ef ekki er virkt eftirlit.<br>• Eftirlit – sektir – stoppa starfsemi. | • Samhljómur um að engin leyfi séu í heild sinni óþörf.<br>• Aðili opnar nýjan stað/útibú o.s.frv. Er nauðsynlegt að skila öllu aftur inn – fara í gegn um allt heildarferlið? Sett spurningarmerki við þetta. | • Auka rafræna þjónustu og einfalda ferli.<br>• Ein gátt – upplýsingar og umsóknir.<br>• Leyfisveitendur sæki sjálfir vottorð/upplýsingar sem eru þeim aðgengilegir (eða bara rafrænt aðgengi í gegnum umsókn).<br>• Einfalda og samræma bæði aðgang og form upplýsinga/vottorða<br>• Hafa upplýsingar aðgengilegar og uppfæra reglulega.<br>• Auka þekkingu, fræðslu og samstarf leyfisveitenda innbyrðis. Aðgengilegar upplýsingar á vefsíðum. |

# VIÐAUKAR

| Hópar | Hvaða leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn þurfa að vera áfram í lögum/reglugerðum? Hvers vegna? Viðurlög/eftirfylgni, meðhöndlun leyfislausra? | Listið upp leyfi, vottorð, umsagnir og önnur fylgigögn sem þið teljið óþörf. Þarf eitthvað að koma í staðinn? | Hvað má gera til að bæta opinbera þjónustu og einfalda skipulag og framkvæmd leyfisveitinga í ferðaþjónustu? Hvað má gera til að eyða óþarfa pirringi og flækjum? Hvað má endurskoða/einfalda/sameina/samhæfa? |
|---|---|---|---|
| **Samfélags-mál, öryggi og gæði** | • Leyfi eru nauðsynleg fyrir öryggi fólks, umhverfi og til að tryggja gæði og þjónustu.<br>• Öryggisáætlun vinnueftirlitsins.<br>• Ábyrgðartryggingar greinarinnar þarf að skoða vel, mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar hafi viðeigandi tryggingar í lagi.<br>• Vakinn á að hafa meira hlutverk fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu, m.a. gæðeftirlit innan greinarinnar.<br>• Öll leyfi sem varða hollustuhætti, starfsumhverfi og öryggi.<br>• Efla þarf eftirfylgni ef leyfi eru brotin.<br>• Lögreglan taki á brotum – vantar skilvirkni í tengslum við viðurlög. | • Einfalda aðgengið – Ein gátt.<br>• Möguleiki á að samnýta upplýsingar með öðrum – Ein gátt; ekki á þurfa að skila sömu pappírum inn margoft.<br>• Lög um skipan ferðamála taka ekki nógu vel á öryggismálum og eftirliti.<br>• Ath. byggja upp og hafa skýra neyðaráætlun fyrir björgunaraðgerðir og heilbrigðiskerfið, t.d. til að bregðast við stórslysum.<br>• Gera formlegar kröfur um menntun og hvað þarf að uppfylla fyrir ferðaþjónustuaðila í öllum greinum.<br>• Þurfa minnstu gististaðirnir rekstrarleyfi. | • Ein gátt.<br>• Byggja á trausti: Mönnum er treyst þangað til annað kemur í ljós.<br>• Sameina stofnanir (stofnanir eru í sjálfstæðisbaráttu).<br>• Samræming gagna, rafræn skil og samræma eftirlit.<br>• Samræma vinnulag og kvaðir/útfærslu milli svæða – byggingafulltrúi, heilbrigðisfulltrúi o.s.frv.<br>• Aðgengi að þjóðskrá rafrænt. Pappír óþarfur (sbr. sakavottorð).<br>• Allt á einum stað, upplýsingar, umsókn og afgreiðsla (ein gátt gagnvart ferðaþjónustunni sem upplifir þá einn leyfisveitanda).<br>• Skoða hvað er raunhæft að gera í upphafi, einföldun til að auka skilvirkni getur kostað fjármagn – skipulagning og einföldun verkferla. |
